



## Hlutverk, markmið og reglur félagsmiðstöðvarinnar Nýungar

Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar Nýungar er að mæta þörf unglunga fyrir fjölbreytt tómstundastarf og samveru með sínum jafnöldrum. Starf félagsmiðstöðvarinnar hefur forvarnargildi og er mikilvægur vettvangur fyrir alla unglunga. Félagsmiðstöðin er þroskavettvangur til viðbótar við skóla og heimili. Í Félagsmiðstöðinni er skapaður tími og aðstaða til afþreyingar og er lögð áhersla á virðingu og umburðarlyndi, auk virkni, frumkvæði og sköpunar unglunganna sjálfra. Í félagsmiðstöðinni er áhersla lögð á forvarnir og í þeim reglum sem gilda í Nýung er skýr afstaða tekin gegn allri vímuefnaneyslu og annarri neikvæðri hegðun.

Lagt er upp úr góðum samskiptum við foreldra og forráðaaðila þeirra unglunga sem stunda félagsmiðstöðina Nýung.

### Við berum virðingu fyrir okkur sjálfum, öðrum ungmönnum, starfsfólki, öðrum gestum og húsnæðinu.

#### **1. Við berum ábyrgð á okkar eigin gjörðum og við beitum ekki ofbeldi af neinu tagi, leggjum ekki í einelti og ógnum ekki eigin lífi eða annarra.**

- Einelti er ekki liðið í Nýung, en einelti er t.d. langvarandi og endurtekið áreiti, félagsleg útskúfun eða hunsun, baktal og sögusagnir, líkamlegt ofbeldi, orðbragð og niðurlæging og fleira.
- Með ofbeldi er t.d. átt við ógnanir, valdbeitingu, hegðun sem veldur öðrum hræðslu og vanlíðan, líkamlegar og andlegar árásir, áhættuhegðun af ýmsu tagi o.fl.
- Kynferðisleg áreitni/ofbeldi og óviðeigandi kynhegðun er ekki liðin innan veggja félagsmiðstöðvarinnar Nýungar. Hér er átt við t.d. klámfengið tal, hegðun, látbragð og tal sem veldur öðrum vanlíðan, hegðun, látbragð og tal sem er kynferðislegt, kynferðislegar athafnir, óviðeigandi snerting, þvingun af öllu tagi, kynhegðun út fyrir aldur og þroska, valdbeitingu í kynferðislegum tilgangi o.fl.
- Starfsfólk stöðvar slíka hegðun um leið og það verður vart við hana.

#### **2. Við sýnum öðrum virðingu og tillitssemi.**

- Við notum ekki óviðeigandi orðbragð hvert við annað.
- Við virðum reglur um raðir, biðtíma og annað sem við á.
- Við látum vita starfsfólk Nýungar þegar við sjáum að öðrum líður illa.
- Við hjálpumst að við að gera andrúmsloftið í Nýung gott fyrir alla.

### 3. **Umgengni í Nýung á að vera til fyrirmyndar, sem og utandyra.**

- Skór og yfirhafnir í fatahengi.
- Allt rusl í ruslafötur.
- Við göngum vel um húsbúnað, tæki og annað í félagsmiðstöðinni.
- Við rótum ekki í skápum eða tókum hluti úr eldhúsinu/ísskápnum án leyfis starfsmanna.
- Við látum vita ef eitthvað skemmist.
- Það er ekki leyfilegt að spóla á bifhjólum á lóðinni í kringum Nýung.
- Við hjálpumst að við að halda félagsmiðstöðinni okkar og öllum búnaði í lagi.

### 4. **Við berum ekki vopn af neinu tagi.**

- Það er ekki leyfilegt að bera vopn af neinu tagi í og við Nýung.
- Vopn geta m.a. verið hvers kyns hnífar, kveikjarar og fleira.
- Starfsfólk gerir slík vopn upptæk ef það verður þeirra vart.

### 5. **Öll neysla orkudrykkja, áfengis, vímuefna, rafretta/veips og tóbaks í öllu formi er með öllu óheimil í og við félagsmiðstöðina Nýung.**

- Starfsfólk gerir slíkt upptækt ef það verður vart við slíka neyslu.

Brot á þessum reglum getur orsakað brottvísun úr Nýung í skemmri eða lengri tíma.

- Rætt er við viðkomandi ungling, og eftir tilvikum foreldri/forsjáraðila.
- Haft er samband við foreldra ef um endurtekin eða gróf brot á reglum er að ræða, og eftir atvikum lögreglu og barnavernd.

Ef fíkniefni finnast eða grunur leikur á um að ungmenni sé undir áhrifum slíkra efna er haft samband við bæði lögreglu, og hún boðuð á staðinn, og foreldra.

Ef slys verður í eða við Nýung á meðan á opnun stendur, á ferðalögum eða gistinóttum á vegum félagsmiðstöðvarinnar, er brugðist við eins og aðstæður kalla á.

Reglur þessar eiga við á opnunum og samkomum, á ferðalögum og gistinóttum og hvar sem ungmenni og annað fólk er á vegum félagsmiðstöðvarinnar Nýungar.

Félagsmiðstöðin Nýung og starfsfólk hennar ber ábyrgð á unglungunum á ferðalögum, haft er samband við foreldra ef og þegar þarf.

Ábyrgð á hlutum/búnaði unglunga er á eigin ábyrgð.

Reglur samþykktar í félagsmiðstöðvarráði í september 2018.